



**HAFRANNSÓKNASTOFNUN**

Rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

## **Athugun á fiskalífi í vötnum á Mýrum fyrir endurheimtaraðgerðir**

Styrkt af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Ragna Guðrún Snorradóttir

Jóhannes Guðbrandsson

Apríl 2026

## **Efnisyfirlit**

Inngangur .....	3
Aðferðir.....	4
Niðurstöður .....	5
Fiskar.....	5
Grunnmælingar á eðlis- og efnapáttum.....	10
Umræður .....	12
Þakkir .....	13
Heimildaskrá.....	14
Viðauki.....	15

Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.

## Inngangur

Endurheimt votlendis er ein af meginstoðum í loftslagsaðgerðum íslenskra stjórnvalda þar sem framræsla veldur losun koltvísýrings úr þurrkuðum jarðvegi (Iðunn Hauksdóttir og Ágústa Helgadóttir, 2025). Votlendi eru einnig mikilvæg búsvæði fjölmargra lífvera og endurheimt getur því endurheimt og styrkt líffræðilegan fjölbreytileika. Lækir, vötn og tjarnir á votlendissvæðum eru mikilvæg búsvæði fyrir ferskvatnsfiska, sérstaklega áls (*Anguilla anguilla*) og urriða/sjóbirtings (*Salmo trutta*). Áll hefur verið flokkaður sem dýr í útrýmingarhættu (Jacoby & Gollock, 2014) og voru veiðar á honum bannaðar árið 2019 nema með sérstöku leyfi Fiskistofu (reglugerð 408/2019). Urriði er aftur á móti vinsæll til sportveiða og getur bætt staða urriðastofna skapað tekjumöguleika fyrir landeigendur í formi veiðileyfasölu og afleiddrar þjónustu og því skapast fjárhagslegur hvati til endurheimtar aðgerða, sem eru einnig loftslagsvænar.

Árið 2021 hófst verkefni sem fólst í að kanna möguleika á endurheimt votlendis með áherslu á ferskvatnsfiska í Hraunhreppi á Mýrum. Hrygningar- og uppeldisskilyrði í lækjum og hindranir í farvegum voru kortlögð og útbreiðsla og tegundasamsetning ferskvatnsfiska í lækjum könnuð árin 2021 og 2023. Framræsla og eldri farvegir lækja voru kortlagðir og tillögur gerðar að endurheimtaraðgerðum (Jóhannes Guðbrandsson o.fl., 2024).

Fyrsti áfangi endurheimtaraðgerða hófst seint um haustið 2025 og fólst í endurheimt lækjarfarvega sem falla úr þremur vötnum. Gönguhindranir fyrir fiska voru fjarlægðar og farvegur lækja sem áður runnu í skurðum endurmótaður. Markmið endurheimtarinnar er að bæta göngu- og hrygningarskilyrði fyrir fiska og auka stofnstærð þeirra í vötnunum. Því var nauðsynlegt að afla betri upplýsinga um stöðu fiskistofna í vötnunum þremur sumarið 2025 áður en aðgerðir hófust til að geta metið árangur þeirra.

Í þessari skýrslu er farið yfir niðurstöður úr rannsóknarveiði úr þremur vötnum á Mýrum, Bretavatni, Álftatjörn og Bæjartjörn. Fiskar voru veiddir með álagildrum og fjöldi veiddra fiska, tegundasamsetning og stærðardreifing kannaðar. Til að meta árangur endurheimtaraðgerða er stefnt að því að endurtaka rannsóknina að nokkrum árum liðnum þegar talið er að árangur aðgerðanna hafi skilað sér.

## Aðferðir

Rannsóknir fóru fram í þremur vötnum nálægt Þjóðvegi 54 á Mýrum. Bretavatn er stærst vatna (30,6 hektarar) og liggur efst í landinu, það hefur ekki verið raskað svo vitað sé. Hindrun er þar sem lækur úr Bretavatni rennur í vegaskurð við Þjóðveginn sem er talin geta valdið fiskum erfiðleikum við uppgöngu (Mynd 10). Ekki fundust göngufiskar ofan við hana þegar útbreiðsla þeirra var könnuð með rafveiðum (Jóhannes Guðbrandsson o.fl., 2024). Önnur hindrun er neðar í læknum þar sem hann fellur í skurð á landamerkjum Álftár og Saura (Mynd 11). Tjarnirnar Álftatjörn (8,9 hektarar) og Bæjartjörn (12,7 hektarar) eru í landi Saura. Á sögulegum loftmyndum má sjá að þær voru ekki framræstar árið 1956 en árið 1978 var búið að framræsa þær (Náttúrufræðistofnun Íslands, n.d.). Sem mótvægisáðgerð við sorpurðun í Fíflholti á Mýrum voru þær endurheimtar árið 2001. Ekki var þó hugað nógu vel að fiskgengd við endurheimtina og mynduðust hindranir neðan við báðar tjarnirnar. Sú neðan við Álftatjörn sem liggur ofar í landinu var talin illfær fiski (Mynd 12) en sú neðan við Bæjartjörn talin vel fær fiskum (Mynd 13).


Farnar voru sex vettvangsferðir á Mýrarnar sumarið 2025 (Viðauki tafla 2). Í hverju vatni voru lagðar tvær álagildirur sem lágu í 17,5-71 klukkustund. Í upphafi sumars voru gildrurnar hafðar úti í lengri tíma en þegar leið á sumarið var tíminn stytur, þar sem reynslan sýndi að styttri legutími var fullnægjandi fyrir veiði og dró úr líkum á meiðslum eða dauða fiska.

Í Bæjartjörn og Álftavatni voru sex stöðvar og var lagt í hverja stöð tvisvar. Í Bretavatni voru hins vegar tólf stöðvar og því var lagt í hverja stöð einu sinni (Mynd 1).

Þegar gildrurnar voru teknar upp voru fiskarnir svæfðir í vatnsfötu með phenoxyethanóli. Fiskar voru tegundagreindir, lengdar- og þyngdarmældir og merktir með PIT-merkjum og einnig voru stærri fiskar merktir með slöngumerkjum. Hreistursýni voru tekin af flestum urriðum sem veiddust til aldurgreiningar. Að lokum var fiskinum sleppt aftur í vatnið. Nokkrir urriðar festust í möskvum gildranna og voru dauðir þegar vitjað var um þær. Úr þeim voru kvarnir einnig fjarlægðar til aldurgreiningar.

Að lokinni sýnatöku voru framkvæmdar grunnmælingar á vatnsgæðum. Notast var við YSI Pro1030 mæli sem mælir sýrustig (pH), rafleiðni, staðlaða rafleiðni við 25°C (SPC) og hitastig vatns. Mælirinn var lagður út í vatnið og gildi skráð þegar jafnvægi var náð.

Gögnin voru lesin inn í RStudio (R Core Team, 2024) þar sem þau voru unnin og gröf gerð.



Mynd 1: Staðsetning álagilda í Bretavatni, Álftatjörn og Bæjartjörn á Mýrum sumarið 2025. Kortin sýna staðsetningu einstakra stöðva innan hvers vatns, ásamt yfirlitskorti sem sýnir staðsetningu rannsóknarsvæðisins á Mýrunum.

## Niðurstöður

### Fiskar

Á rannsóknartímanum veiddust bæði urriðar og álar í öllum þrennum vötnunum.

Í heildina veiddust 35 urriðar á lengdabilinu 12,0-61,7 cm (Mynd 2 og 3). Í Bretavatni og Bæjartjörn veiddust 14 urriðar í hvoru vatni en 7 í Álftatjörn (Mynd 2). Í heildina veiddust 32 álar, á lengdabilinu 38,0-76,0 cm (Mynd 2 og 4). Í Bæjartjörn veiddust 14 álar, 11 í Bretavatni og 8 í Álftatjörn (Mynd 2). Einungis veiddist urriði 19. júní og bara áll 30. júlí. Í önnur skipti veiddust báðar tegundirnar en misjafnt milli vatnanna hvort og hversu mikið veiddist af hvorri tegund (Mynd 2).

Lengd veindra urriða var breytileg milli vatna og yfir rannsóknartímabilið (Mynd 3). Í Bæjartjörn var lengdardreifingin breið. Áberandi er að lengd og fjöldi fiska virðast minnka yfir sumarið. Í Álftatjörn veiddust færri urriðar, en þar sáu stórir og stórir urriðar og einnig einn undir 20 cm. Engin skýr þróun í lengd yfir tíma var greinanleg, þótt það bendi til lítils


háttar minnkunar. Í Bretavatni var lengdardreifingin tiltölulega jöfn, en þar má sjá jákvæða þróun yfir sumarið þar sem stærri einstaklingar veiddust síðar á tímabilinu.

Aldur urriða, sem sýndur er við hluta punktanna, bendir til þess að stærri fiskar séu almennt eldri, þó að nokkur breytileiki sé til staðar innan hvers aldurshóps (Mynd 3 og 5). Greining á aldri sýnir að urriðinn vex fremur hratt og er 4 ára orðinn um 40 cm langur. Mikill breytileiki var í lengd 3 ára urriða (Mynd 5).


Einnig var lengd veiddra ála breytileg milli vatna og yfir rannsóknartímabilið (Mynd 4). Í Bæjartjörn var breið dreifing í lengd en stærri fleiri álar veiddust frekar fyrr um sumarið. Í Álftatjörn var lengdardreifingin þrengri en einnig veiddust lengri álar í byrjun sumars. Í Bretavatni var mikill breytileiki í lengd og sama á við hér og fyrir hin vötnin, að stærri álar veiddust í byrjun sumars.

Aðeins veiddist einn fiskur oftár en einu sinni í rannsóknarveiðum það var áll sem veiddist í Bretavatni. Hann veiddist fyrst 30. júlí og síðan aftur 27. ágúst. Hann mældist 1 cm lengri í seinna skiptið en 66 gr léttari (Mynd 4). Einn urriði sem var merktur 27. ágúst í Álftatjörn veiddist af veiðimanni á veiðistaðnum Melhorni í ánni Veitu 19. september. Líklega hefur hann farið um 15,8 km áður en hann endurveiddist þó að eingöngu 2,1 km sé milli staðanna í beinni loftlínu (Mynd 14 í viðauka).


Samband lengdar og þyngdar var skoðað fyrir bæði ál og urriða (Mynd 6). Samband lengdar og þyngdar var jákvætt hjá báðum tegundum. Hjá urriða bendir dreifing gagna til allómetríks sambands, sem er vel þekkt og klassískt lengdar-þyngdarsamband hjá fiskum. Hjá áli virðist sambandið línulegra, sem líklega skýrist af minna stærðarbili og minni breytileika í gögnum (Mynd 4).




Mynd 3: Fjöldi fiska sem veiddist í álagildrum í þremur vötnum á Mýrum sumarið 2025, sundurgreindur eftir tegundum (áll og urriði) og dagsetningum. Súlurit sýna fjölda einstaklinga sem veiddust í hverja gildru í hverri veiðiferð í Bæjartjörn, Álftatjörn og Breta.




Mynd 2: Lengd veiddra urriða í Bæjartjörn, Álftatjörn og Bretavatni eftir dagsetningum sumarið 2025. Punktur sýna einstaka fiska og tölur við valda punkta tákna aldur þeirra. Leitnilína sýnir hvort lengd urriða hefur tilhneigingu til að aukast eða minnka.



Mynd 5: Lengd ála í þremur vötnum á Mýrum sumarið 2025 eftir dagsetningum. Punktar tákna einstaka fiska og leitnilínur sýna þróun í lengd yfir tíma. Sérstaklega er merkt við einstakling sem veiddist tvisvar á rannsóknartímabilinu.



Mynd 4: Samband aldurs og lengdar hjá urriða í rannsóknarveiðum sumarið 2025. Von Bertalanffy-vaxtarkúrfa er sýnd með svartri línu.




Mynd 6: Samband lengdar og þyngdar ála og urriða í Bæjartjörn, Álftatjörn og Bretavatni sumarið 2025. Punktar sýna einstaka fiska, litaða eftir vatni. Jákvætt samband kemur fram milli lengdar og þyngdar hjá báðum tegundum.

## Grunnmælingar á eðlis- og efnaháttum


Vatnshiti mældist á bilinu 8,4-19,1°C á rannsóknartímabilinu og sýndi skýra árstíðabundna þróun (Mynd 7). Í öllum vötnunum var hitastig hæst í júlí en lækkaði síðan smám saman þegar leið á sumarið og fram á haust. Heildarniðurstöður benda til þess að vatnshiti fylgi svipuðu mynstri í öllum þremur vötnunum.

Sýrustig (pH) í vötnunum þremur var á bilinu 6,52-7,94 yfir rannsóknartímabilið (Mynd 8). Það var almennt hæst í Álftatjörn, þar sem mældist hæst 7,94, en lægst í Bretavatni, lægst 6,52. Sýrustig var breytilegt milli stöðva á sama degi nema í lok ágúst þegar pH var svipað á öllum stöðvunum sem voru mældar þann daginn. Vötnin virðast vera almennt hlutlaus til lítilla basísk.


Stöðluð rafleiðni við 25°C (SPC) var á bilinu 38,5-126,7  $\mu\text{S}/\text{cm}$  yfir rannsóknartímabilið (Mynd 9). Gildi SPC mældist hæst í Bæjartjörn, 126,7  $\mu\text{S}/\text{cm}$ , en þar mældist að jafnaði yfir 100  $\mu\text{S}/\text{cm}$ . Í Álftatjörn mældist SPC yfirleitt á bilinu um 90-110  $\mu\text{S}/\text{cm}$ . Lægstu gildin mældust síðan í Bretavatni þar sem SPC var að jafnaði undir 80  $\mu\text{S}/\text{cm}$ .



Mynd 7: Vatnshiti (°C) í stöðvum þar sem álagildir voru lagðar niður í Bæjartjörn, Álftatjörn og Bretavatni á Mýrum sumarið 2025.



Mynd 8: Sýrustig (pH) í stöðvum þar sem álagildir voru lagðar niður í Bæjartjörn, Álftatjörn og Bretavatni á Mýrum sumarið 2025.



Mynd 9: Stöðluð rafleiðni við 25°C (SPC) í stöðvum þar sem álagildir voru lagðar niður í Bæjartjörn, Álftatjörn og Bretavatni á Mýrum sumarið 2025.

## Umræður

Það er ljóst að hindranir ná ekki að stoppa göngur fiska upp í vötnin. Áll hrygnir í þanghafinu og lirfur hans berast síðan með Golfstraumnum til Íslands og Evrópu. Á leiðinni ummyndast lirfurnar í glerála sem ganga upp í vötn og læki (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson, 1996). Þekkt er að álar geta skriðið yfir blautar mýrar og jafnvel þurrar land og því er ekki ljóst hvort að þeir hafi gengið upp lækina sjálfa eða farið milli vatna í mýrinni í vatnavöxtum. Urriði er háður straumvatni til hrygningar og þarf því að ganga úr nærliggjandi lækjum og ám til að komast inn í vötnin (Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson, 1996). Það er því ljóst að hindranir við Bretavatn og Álftatjörn eru færar urriða, í það minnsta við ákveðnar aðstæður því svæðið í útfalli vatnanna er stutt og hentar urriða ekki til hrygningar. Gert var ráð fyrir að hindrun við Bæjartjörn væri fiskgeng (Jóhannes Guðbrandsson o.fl., 2024), sem hún virðist sannarlega vera.

Engu að síður veiddist minna af urriða og áli í Álftatjörn en í hinum vötnunum en sú hindrun var talin vera sú sem hefði hvað mest áhrif á fiskgöngur. Þar veiddist einnig einungis einn urriði undir 20 cm að lengd á meðan þeir voru sjö í Bæjartjörn sem er rétt fyrir neðan. Því virðist hindrunin hafa áhrif á göngur urriða þó að hún stoppi þær ekki alveg. Endurheimtaraðgerðir fela einnig í sér að bæta hrygningarskilyrði í lækjum við útfall vatnanna og því verður áhugavert að sjá hvort og hversu mikið urriði á eftir að aukast á svæðinu. Stofnstærð ála er ekki einungis háð staðbundnum þáttum þar sem lífsferill hans felur í sér langt far í sjó þar sem fjölmargir þættir geta haft áhrif á lífslíkur þeirra. Því getur verið erfitt að túlka þær breytingar sem kunna verða eftir endurheimt.

Greining á aldri urriða sýnir að fiskarnir í vötnunum vaxa fremur hratt og ná 40 cm á 4 árum sem er góð stærð til sportveiða. Áhugavert var að sjá breytileika í stærð 3 ára urriða sem voru frá 16,5 cm til 35 cm langir. Hugsanlega er óvissa í aldurgreiningum eða að fiskarnir hafa gengið inn í vötnin á mismunandi tíma eða stærri fiskarnir gengið í sjó og vöxtur þeirra aukist mikið. Hugsanlega koma þeir líka af mismunandi uppeldissvæðum. Einn fiskur ferðaðist úr Álftatjörn upp í Veitu, líklega til hrygningar. Það væri því áhugavert að skoða betur far fiska innan vatnasvæðanna, hvenær þeir fara til hrygningar, hvenær seiðin ganga úr lækjum og ám inn í vötnin og hversu mikið far er milli vatna yfir sumarið.

Þrátt fyrir að fiskur hafi fundist í öllum vötnunum verður áhugavert að fylgjast með því hvort og hvaða breytingar kunni að verða eftir endurheimtaraðgerðir. Ef stofnstærð urriða eykst of mikið er líklegt að hægi á vexti en þar sem vötnin eru hlý og næringarrík þola þau líklega töluvert meiri fjölda fiska en nú er til staðar.

## **Þakkir**

Við viljum færa Kristjáni Vagni Pálssyni á Miklaholti á Mýrunum kærar þakkir fyrir lán á sexhjóli sem gerði vettvangsvinnuna mögulega. Einnig viljum við þakka Ástu Kristínu Guðmundsdóttur hjá Hafrannsóknastofnun og Iðunni Hauksdóttur hjá Landi og skógi fyrir þeirra aðstoð í vettvangsvinnunni.

Fyrri rannsóknir í verkefninu voru unnar í samvinnu við Land og Skóg, Landbúnaðarháskóla Íslands, Fuglavernd og The Royal Society for the Protection of Birds (RSPB) og fengu styrk frá Orkurannsóknarsjóði Landsvirkjunar, Nýsköpunarsjóði námsmanna, Auðlind náttúruverndarsjóði, Open River Program og Mossy Earth.

Að lokum viljum við þakka Vegagerðinni fyrir veittan styrk sem gerði þessa rannsókn mögulega og vonandi markar hún upphaf frekari fiskrannsókna í tengslum við endurheimt. Jafnframt er mikilvægt að auka þekkingu og rannsóknir á álum á Íslandi og er þessi rannsókn gott fyrsta skref fyrir áframhaldandi álarannsóknir á Mýrunum og víðar.

## Heimildaskrá

- Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson (1996). Fiskar í ám og vötnum. Landvernd.
- Iðunn Hauksdóttir og Ágústa Helgadóttir. (2025). *Mýrar Íslands – fræðslubæklingur um vernd og endurheimt mýra*. Land og skógur.
- Jacoby, D., & Gollock, M. (2014). *Anguilla anguilla*. The IUCN Red List of Threatened Species 2014: e.T60344A45833138. <https://nc.iucnredlist.org/redlist/species-of-the-day/anguilla-anguilla/pdfs/original/anguilla-anguilla.pdf>
- Jóhannes Guðbrandsson, Iðunn Hauksdóttir, Ragna Guðrún Snorradóttir og Ásgerður Elín Magnúsdóttir 2024. Assessing the feasibility of removing barriers in Mýrar, Iceland - Final report to Open Rivers Programme - grant nr 2022-03-337. <https://heima.hafro.is/~johannes/Restoration/FinalReportORP.html>
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (n.d.). Loftmyndasjá [Vefkort]. Sótt af [loftmyndasja.gis.is](http://loftmyndasja.gis.is).
- R Core Team. (2024). R: A language and environment for statistical computing (Version 4.3.3) [Computer software]. R Foundation for Statistical Computing. <https://www.r-project.org/>

## Viðauki



*Mynd 10: Hindrun í læk neðan við Bretavatn sem getur haft áhrif á fiskgengd.*




*Mynd 11: Hindrun í læk við landamæri Álftár og Saura sem getur haft áhrif á fiskgengd.*



*Mynd 13: Hindrun í læk neðan við Álftatjörn sem getur haft áhrif á fiskgengd.*



*Mynd 12: Hindrun í læk neðan við Bæjartjörn sem getur haft áhrif á fiskgengd.*



*Mynd 14: Áætluð gönguleið urriða sem merktur var í Álftatjörn og endurveiddist í Veitu. Líkleg leið fisksins liggur niður um Bæjartjörn, Blönduvatn og Blöndulæk og síðan upp Álftá og Veitu. Einnig má sjá línu sem sýnir beina loftlínu milli veiðistaðanna, en sjá má að hún er mun styttri.*

Tafla 1: Niðurstöður grunnmælinga á eðlis- og efnaþáttum í þremur vötnum á Mýrum sumarið 2025. Taflan sýnir vatnshita (°C), sýrustig (pH), rafleiðni ( $\mu\text{S}/\text{cm}$ ) og staðlaða rafleiðni (SPC) ( $\mu\text{S}/\text{cm}$ ) fyrir einstakar stöðvar og dagsetninguna sem mælingarnar voru teknar.

Vatn	Heiti	Dagsetning	Vatnshiti	Sýrustig	Leiðni	SPC
Álftatjörn	Álft1	19.06.2025	12,9	6,66	77,4	100,7
	Álft2		13,1	7,33	76,4	98,8
Bæjartjörn	Bæjar1		12,7	7,39	84,0	110,0
	Bæjar2		12,9	7,07	88,8	115,5
Bretavatn	Breta1		13,7	6,92	30,2	38,5
	Breta2		13,5	6,74	58,8	75,2
Álftatjörn	Álft3	3.07.2025	15,2	7,09	74,2	91,1
	Álft4		15,4	6,85	70,8	86,8
Bæjartjörn	Bæjar3		19,1	7,34	108,4	122,1
	Bæjar4		17,5	7,58	98,7	115,3
Bretavatn	Breta3		18,0	6,97	56,7	65,6
	Breta4		16,0	6,52	65,0	78,2
Álftatjörn	Álft5	17.07.2025	17,8	7,26	93,0	107,7
	Álft6		17,9	7,94	91,7	106,2
Bæjartjörn	Bæjar5		17,9	7,64	93,9	108,6
	Bæjar6		17,8	7,16	109,3	126,7
Bretavatn	Breta5		18,0	6,87	70,4	81,4
	Breta6		17,7	6,84	67,5	78,3
Álftatjörn	Álft1	30.07.2025	13,4	7,44	81,6	104,9
	Álft2		13,8	7,49	81,8	104,0
Bæjartjörn	Bæjar1		13,1	7,52	97,7	126,4
	Bæjar2		12,5	7,30	95,0	124,6
Bretavatn	Breta7		13,9	7,15	60,1	76,3
	Breta8		13,6	7,12	63,8	81,4
Álftatjörn	Álft3	27.08.2025	14,2	7,03	89,8	113,2
	Álft4		14,2	7,04	82,2	103,5
Bæjartjörn	Bæjar3		13,6	7,22	81,7	104,4
	Bæjar4		13,9	7,09	97,0	123,1
Bretavatn	Breta9		14,2	7,11	57,3	72,2
	Breta10		14,1	7,07	63,4	80,2
Álftatjörn	Álft5	25.09.2025	8,5	7,42	65,2	95,0
	Álft6		8,8	7,44	64,7	93,8
Bæjartjörn	Bæjar5		8,4	7,21	61,0	89,2
	Bæjar6		8,4	6,88	67,7	99,0
Bretavatn	Breta11		8,4	7,01	52,9	77,3
	Breta12		8,6	6,99	52,9	76,9

Tafla 2: Dagsetningar og tímasetningar á lagningu og upptekt álagildra í Álftatjörn, Bæjartjörn og Bretavatni sumarið 2025, ásamt heildartímanum sem gildirnar lágu úti (klst.).

Vatn	Heiti	Dagsetning niður	Tími niður	Dagsetning upp	Tími upp	Klst
Álftatjörn	Álft1	16.06.2025	14:30	19.06.2025	13:15	70.8
	Álft2		14:47		13:45	71.0
Bæjartjörn	Bæjar1		15:10		13:55	70.8
	Bæjar2		15:20		14:32	71.2
Bretavatn	Breta1		16:01		15:25	71.4
	Breta2		16:12		15:35	71.4
Álftatjörn	Álft3	1.07.2025	10:43	3.07.2025	11:22	48.7
Bæjartjörn	Álft4		10:52		11:36	48.7
	Bæjar3		11:14		12:52	49.6
Bretavatn	Bæjar4		11:26		12:10	48.7
	Breta3		12:22		13:53	49.5
Breta4	12:35		14:53		50.3	
Álftatjörn	Álft5	15.07.2025	12:01	17.07.2025	11:35	47.6
Bæjartjörn	Álft6		12:08		11:42	47.6
	Bæjar5		11:02		10:13	47.2
Bretavatn	Bæjar6		11:37		11:00	47.4
	Breta5		12:38		12:55	48.3
Breta6	12:56		13:21		49.0	
Álftatjörn	Álft1	29.07.2025	10:20	30.07.2025	11:19	25.0
Bæjartjörn	Álft2		10:15		11:10	24.9
	Bæjar1		10:02		10:33	24.5
Bretavatn	Bæjar2		09:52		10:09	24.3
	Breta7		10:59		12:05	25.1
Breta8	11:10		12:35		25.4	
Álftatjörn	Álft3	26.08.2025	10:47	27.08.2025	11:19	24.5
Bæjartjörn	Álft4		10:54		11:50	24.9
	Bæjar3		10:03		10:24	24.4
Bretavatn	Bæjar4		10:22		10:57	24.6
	Breta9		11:36		12:37	25.0
Breta10	11:45		13:37		25.9	
Álftatjörn	Álft5	24.09.2025	17:35	25.09.2025	11:46	18.2
Bæjartjörn	Álft6		17:42		12:09	18.5
	Bæjar5		17:00		10:32	17.5
Bretavatn	Bæjar6		17:10		10:58	17.8
	Breta11		18:15		12:43	18.5
Breta12	18:24		13:05		18.7	

Tafla 3: Upplýsingar um veidda urriða í Álftatjörn, Bæjartjörn og Bretavatni sumarið 2025. Taflan sýnir dagsetninguna sem fiskurinn veiddist, lengd (cm), þyngd (g), aldur og kyn einstakra fiska ásamt stöðinni sem fiskurinn veiddist í.

Vatn	Dagsetning	Lengd (cm)	Þyngd (g)	Aldur	Kyn	Staðsetning
Álftatjörn	19.06.2025	44,3	950,0	4		Álft1
Bæjartjörn	19.06.2025	14,6	36,5			Bæjar1
Bæjartjörn	19.06.2025	54,8		7	Hængur	Bæjar1
Bæjartjörn	19.06.2025	17,0				Bæjar1
Bæjartjörn	19.06.2025	45,3		8	Hængur	Bæjar2
Bæjartjörn	19.06.2025	48,2			Hængur	Bæjar2
Bretavatn	19.06.2025	13,5	35,1			Breta1
Bæjartjörn	3.07.2025	12,0	37,7			Bæjar4
Bæjartjörn	3.07.2025	39,6	650,0			Bæjar4
Bretavatn	3.07.2025	59,4	2110,0			Breta3
Bretavatn	3.07.2025	21,7	111,13			Breta3
Bretavatn	3.07.2025	23,5	148,0			Breta4
Álftatjörn	17.07.2025	33,5	490,0	3		Álfta6
Álftatjörn	17.07.2025	61,7	2420,0	8	Hængur	Álfta6
Bæjartjörn	17.07.2025	35,0	560,0	3		Bæjar5
Bæjartjörn	17.07.2025	45,9	952,0	6		Bæjar5
Bæjartjörn	17.07.2025	15,6	47,5	2		Bæjar6
Bæjartjörn	17.07.2025	16,5	59,0	3		Bæjar6
Bæjartjörn	17.07.2025	15,1	48,8			Bæjar6
Bretavatn	17.07.2025	22,1	200,0	3		Breta5
Bretavatn	17.07.2025	37,8	740,0	4		Breta5
Bretavatn	17.07.2025	43,3	1050,0	5		Breta5
Álftatjörn	27.08.2025	53,0	1524,0			Álfta3
Álftatjörn	27.08.2025	54,0	1921,0		Hængur	Álfta3
Álftatjörn	27.08.2025	54,5	1634,0		Hængur	Álfta3
Álftatjörn	27.08.2025	16,3	48,3	2		Álfta4
Bretavatn	27.08.2025	33,5	431,0			Breta10
Bæjartjörn	25.09.2025	31,0	382,0	2		Bæjar5
Bæjartjörn	25.09.2025	19,1	80,5	2		Bæjar6
Bretavatn	25.09.2025	43,6	1003,0	4		Breta11
Bretavatn	25.09.2025	32,3	446,0	3		Breta11
Bretavatn	25.09.2025	41,0	823,0	4		Breta12
Bretavatn	25.09.2025	44,3	1063,0	4		Breta12
Bretavatn	25.09.2025	46,9	1106,0	5		Breta12
Bretavatn	25.09.2025	50,0	1291,0			Breta12

Tafla 4: Upplýsingar um veidda ála í Álftatjörn, Bæjartjörn og Bretavatni sumarið 2025. Taflan sýnir dagsetninguna sem fiskurinn veiddist, lengd (cm) og þyngd (g) ásamt stöðinni sem fiskurinn veiddist í. Í athugasemd má sjá álinn sem veiddist tvisvar.

Vatn	Dagsetning	Lengd (cm)	Þyngd (g)	Athugasemd	Staðsetning
Bretavatn	3.07.2025	60,0	410,0		Breta3
Álftatjörn	17.07.2025	53,0	310,0		Álfta6
Álftatjörn	17.07.2025	59,0	660,0		Álfta6
Bæjartjörn	17.07.2025	72,0	740,0		Bæjar5
Bæjartjörn	17.07.2025	58,5	431,0		Bæjar5
Bretavatn	17.07.2025	71,0	710,0		Breta6
Álftatjörn	30.07.2025	67,0	579,0		Álfta1
Álftatjörn	30.07.2025	76,0	1150,0		Álfta1
Bæjartjörn	30.07.2025	53,0	370,0		Bæjar1
Bæjartjörn	30.07.2025	72,0	690,0		Bæjar1
Bæjartjörn	30.07.2025	61,0	393,0		Bæjar1
Bæjartjörn	30.07.2025	67,0	619,0		Bæjar1
Bæjartjörn	30.07.2025	59,0	436,0		Bæjar1
Bæjartjörn	30.07.2025	49,0	274,0		Bæjar1
Bæjartjörn	30.07.2025	69,0	675,0		Bæjar2
Bretavatn	30.07.2025	38,0	181,0		Breta7
Bretavatn	30.07.2025	48,0	283,0		Breta7
Bretavatn	30.07.2025	50,0	324,0		Breta7
Bretavatn	30.07.2025	55,0	364,0	Veiddast í fyrsta sinn	Breta7
Bretavatn	30.07.2025	62,0	486,0		Breta7
Álftatjörn	27.08.2025	49,0	213,0		Álfta4
Bæjartjörn	27.08.2025	43,0	126,0		Bæjar3
Bæjartjörn	27.08.2025	61,0	416,0		Bæjar3
Bretavatn	27.08.2025	56,0	298,0	Veiddast í annað sinn	Breta9
Bretavatn	27.08.2025	62,0	439,0		Breta9
Bretavatn	27.08.2025	42,0	126,0		Breta9
Bretavatn	27.08.2025	45,0	114,0		Breta10
Álftatjörn	25.09.2025	57,0	300,0		Álfta5
Álftatjörn	25.09.2025	53,0	205,0		Álfta5
Álftatjörn	25.09.2025	56,0	336,0		Álfta5
Bæjartjörn	25.09.2025	58,0	330,0		Bæjar6
Bæjartjörn	25.09.2025	41,0	140,0		Bæjar6
Bæjartjörn	25.09.2025	59,0	394,0		Bæjar6